

Reglugjörð

fyrir Rangárvallasýslu um lækning hunda af bandormum og meðferð á sullum úr sauðfje og nautgripum.

1. gr.

Lækna skal alla hunda 4 mánaða gamla og eldri, og skal lækning fara fram tvísvar á ári, á tímabilinu frá 15.—30. nóvember og 15—30 apríl ár hvert.

2. gr.

Hreppsnefndir skulu hafa eftirlit með lækningu hunda, en sýslumaður skipar hæfan innanhreppsmann, og annan til vara, í hverjum hreppi eftir tillögum hreppsnefndar til þriggja ára í senn, til að hafa á hendi lækningar; má enginn skorast undan þeim starfa, nema forföll banni eða hann sje búinn að leysa þann starfa af hendi í þrjú ár samfleytt, getur hann þá skorast undan útnefningu jafnlangann tíma.

3. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um að nægilega góðir kofar sjeu til, til hunda-hreinsunar og sömuleiðis baðker. Hefur hún í því efni samráð við lækningamann. Ennfremur skal hreppsnefnd skylt að leggja til nægilega mörg helsti, svo binda megi hundana á meðan á lækningu stendur, ef lækningamaður krefst þess. Eigendur hunda skulu skyldir að láta lækningamanni í tje alla nauðsynlega aðstoð ókeypis. Kostnað fyrir áhöld eftir þessari grein má greiða af hreppssjóði.

4. gr.

Lækningamaður auglýsir með nægum fyrirvara, hvenær hreinsun skuli fram fara á hverjum stað, og skulu eigendur hundanna skyldir að koma með þá á tilteknum tíma.

5. gr.

Í minst 12 kl.tíma áður en hundinum er gefið inn, má hann ekkert fá að jeta eða drekka. Þann tíma skal hann standa inni í hreinsunarkofa undir umsjón lækningamanns. Hverjum hundi skal síðan gefinn inn ákveðinn skamtur af arekadufti eða öðru lyfi, sem dýralæknir fyrirskipar. Ef hundurinn fær klýju, verður að koma í veg fyrir, að hann selji upp, með því að láta vel að honum eða sneypa hann, eftir því sem best þykir gefast. Endurtaka skal inngjöfina, ef meðalið verkar ekki. Hver hundur sje látinn standa inni 3 kl.tíma eftir að hon-

um er gefið inn; síðan skal baða hann úr lyfi sem lækniur ákveður. Hreinsunarkofinn skal verkaður vandlega á eftir, og gólfíð hreinsað úr baðleginum, en það sem frá hundinum hefir gengið, skal annaðhvort grafið 1 m. í jörð eða brent, og skal lækningamaður gera það. 81
3. júní

6. gr.

Lækningamanni skal greiða fyrir starfa sinn 50 aura fyrir hvern hund á ári. Þóknun þessi greiðist úr sýslusjóði. Sýslunefnd sjer um útvegum á hreinsunarlyfi og baðlyfi, og greiðist borgum fyrir það úr sýslusjóði.

7. gr.

Komi eigendur hunda ekki með þá á ákveðnum tíma til lækninga, varðar það 5—10 kr. sekt, sem rennur í sýslusjóð. Verði vart við bandorma í hundi milli lækninga, skal eigandi svo fljótt sem unt er, færa hann þeim, er hann skal lækna. Að öðrum kosti skal lita svo á, að eigandi sje sekur orðinn samkvæmt 1. og 4. gr. reglugjörðar þessarar. Flökkuhunda skal húsbóndi láta færa til lækninga þar sem þeir eru, ella skulu þeir rjettdræpir.

8. gr.

Lækningamaður skal um hver áramót senda sýslunefnd skýrslu um lækninguna á þartil gerðum eyðublöðum, er sýslunefnd semur.

9. gr.

Hreppsnefndir og lækningamenn hver í sínum hreppi, skulu brýna fyrir mönnum að brenna mein og sulli úr sauðfje og nautgripum, eða grafa að minsta kosti 1 m. í jörð niður. Vanræksla í þessu efni varðar sektum, alt að 10 kr., og fær sá helming sektarinnar, er uppljóstar, en hinn helmingur fellur til sveitarsjóðs.

10. gr.

Vanræki hreppsnefnd eða lækningamenn skyldur sínar samkvæmt reglugjörð þessari, varðar það 2—10 króna sektum eftir málavöxtum, og renna sektirnar í sýslusjóð.

11. gr.

Með brot gegn reglugjörð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

81

3. júní

12. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. september 1912, og kemur í staðinn fyrir reglugjörð um hundalækningar í Rangárvallasýslu frá 12. ágúst 1897.

Þannig samþykkt á aðalfundi sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu 10.—13. apríl 1912.

Skrifstofu Rangárvallasýslu, Efra-Hvoli 3. júní 1912.

Björgvin Vigfússon.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóns Sigurgeirssonar frá Bjarnastöðum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 17. júní 1912.

Skipulagsskráin er þannig:

82
17. júní

Skipulagsskrá

fyrir Minningarsjóð Jóns Sigurgeirssonar frá Bjarnastöðum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir »Minningarsjóður Jóns Sigurgeirssonar frá Bjarnastöðum, og er stofnaður af foreldrum hans Sigurgeiri Jónssyni og Þuríði Sigurðardóttur með 700 krónum hinn 17. júní 1911.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er: Að örfa menn og hvetja til nákvæmni, velvildar, góðrar meðferðar og þekkingar á húsdýrum, bæði í orði og verki. Skal það gjört með verðlaunum úr sjóðnum.

3. gr.

Verksvið sjóðsins er fyrst um sinn Skútustaðahreppur, þar til liðin eru 20 ár frá því verðlaun eru veitt í fyrsta sinni úr honum; þá verður starfssvið hans Suður-Þingeyjarsýsla, eins og takmörk hennar nú eru.